

317. fundur Skólanefndar FS

21. nóvember 2012



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur P. Guðnason, Ólöf Bolladóttir, Böðvar Jónsson, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Ösp Birgisdóttir og Arnór Svansson og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Fjárhagsstaða skólans.
 2. Nýr skólasamningur.
 3. Samstarf við aðra skóla.
 4. Önnur mál.

1. Fjárhagsstaða skólans.

Skólameistari sagði frá fjárhagsstöðu skólans. Búið er að samþykkja aukafjárveitingu til framhaldsskólanna en ekki er ljóst hvað skólinn fær mikla fjárveitingu þar. Útlit er fyrir að skólinn þurfi að draga verulega saman á næsta ári miðað við fjárveitingar. Nemendum myndi þá fækka um áramót og fækkað yrði um 5-6 kennara. Ákveðið að skólanefnd fundi aftur í desember um leið og fjárhagsáætlun næsta árs liggur fyrir.

2. Nýr skólasamningur.

Skólameistari sagði frá vinnu við nýjan skólasamning sem gildir 2013-2015. Verið er að breyta áherslum varðandi skólasamninga og verður hann því með breyttu sniði. Skýrsla um skólaárið 2011-2012 er tilbúin og er birt á vef skólans.

3. Samstarf við aðra skóla.

Skólameistari sagði frá samstarfi skólans við Miðstöð símenntunar varðandi verknám, við Keili vegna náms í flugvirkjun, við Bryn Ballett vegna danskennslu og við Fisktækniskólann vegna náms í netagerð. Þá er skólinn í samstarfi við fjölbautaskólana á Akranesi og Selfossi við námskrárgerð. Skólinn og Iðan hafa sótt um styrk vegna endurmenntunar iðnaðarmanna og þá hefur verið sótt um styrk ásamt Vinnumálastofnun til að berjast gegn brottfalli.

4. Önnur mál.

- a) Jóna Guðrún Jónsdóttir kennari hefur fengið launalaust leyfi á vorönn en Marta Guðrún Jóhannesdóttir snýr aftur úr leyfi.
- b) Skólinn er einn af þremur framhaldsskólum sem taka þátt í tilraunaverkefni til að greina brottfall.

- c) Stjórnendur skólans sóttu fund Fræðsluskrifstofu Reykjanesskálar þar sem fulltrúar grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla ræddu sameiginlega skólastefnu. Þar var einnig rætt um einkunnir í grunnskóla og röðun í áfanga hér. Áhugi er fyrir því að auka samstarf skóla á svæðinu.
- d) Skólameistari sagði frá undirbúningi við að setja upp skilti við skólann þar sem íþróttamannvirki, göngu- og hlaupaleiðir í nágrenni skólans yrðu sýndar.
- e) Nemendur skólans sendu tvær tillögur í Snilldarlausnir Marel og unnu þær báðar til verðlauna, þar á meðal aðalverðlaunin fyrir Snilldarlausnina 2012. Lið skólans varð í 5. sæti í Boxinu og þá vann skólinn framhaldsskólakeppni Lífshlaupsins fyrir skóla með fleiri en 1000 nemendur.
- f) Nemendur úr skólanum hafa undanfarin ár sótt Evrópupjing ungs fólks en í vor verður það haldið hér.
- g) Fulltrúi NFS sagði frá starfsemi félagsins á önninni.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari